

Um prófið


Í prófinu eru 3 verkefni og próftíminn er 30 mínútur.

- Verkefni 1 færðu í prófinu sjálfu.
- Verkefni 2 og 3 undirbýrðu í biðstofu áður en þú ferð inn í prófið.

Verkefni 1 – að velja hluti og útskýra af hverju

Þú ert að fara í hjólaferð með vinnufélögum í einn dag.

- Veldu þá hluti sem þú tekur með í ferðina og útskýrðu af hverju.
- Talaðu líka um það sem þú velur ekki og útskýrðu af hverju.
- Þú talar í 2-3 mínútur.



Verkefni 2 og 3

Þú velur eitt efni fyrir bæði verkefni 2 og 3 (sjá dæmi hér fyrir neðan).

Þú færð 15 mínútur til að lesa textann og undirbúa verkefni 2 og 3 í biðstofu.

Þú mátt skrifa niður punkta en þú mátt ekki lesa upp af blaði í prófinu sjálfu.

Verkefni 2 – að tala almennt um mál og ólíkar hliðar þess

- Hver eru aðalatriðin sem koma fram í textanum?
- Hvaða mismunandi skoðanir koma fram í textanum?
- Þú talar um efnið í 2-3 mínútur.

Verkefni 3 – samtal við prófdómara og rökstuðningur

- Þú segir skoðun þína á málinu og rökstyður hana.
- Þú spyrð prófdómara um skoðun hans/hennar.
- Þú heldur samtalinu gangandi í 2-3 mínútur.

Dæmi um efni fyrir verkefni 2 og 3. Lestu textann:

Símabann í skólum

Margir kennarar segja að símanotkun nemenda trufla bæði nám og athygli í kennslustundum. Símar geta dregið úr einbeitingu, valdið óþarfa truflunum og gert kennslu erfiðari. Því hefur verið rætt í mörgum skólum hvort rétt sé að banna farsíma alfarið á skólatíma eða í það minnsta í kennslustundum.

Skiptar skoðanir meðal nemenda

Nemendur eru ekki allir sammála. Margir segja að þeir þurfi símana til að leita upplýsinga, vinna verkefni, hafa samband við foreldra eða hlusta á tónlist og slaka á í frímínútum. Aðrir fagna hugmyndum um símabann og segja að án síma batni samskipti við skólafélagana.

Kannski hjálpa þessi orð þér að tala um efnið:

- | | | |
|-----------------|-------------------|------------------|
| • Persónufrelsi | • Samfélagsmiðlar | • Samskiptaleysi |
| • Skjáfíkn | • Skólareglur | • Öryggisatriði |